

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 21. janúar 2021  
UST202101-117/Í.M.J.  
08.12.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – breyting á eldissvæðum og útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Fiskeldi Austfjarða hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að sækja um breytingu á skilyrðum starfsleyfis sjókvíaeldis fyrirtækisins í Berufirði þar sem eldissvæði og útsetningaráætlun er endurskoðuð auk þess sem rekstraraðili fyrirhugar að auka hlutfall eldis á frjóum laxi í samræmi við uppfært áhættumat fyrir Fáskrúðsfjörð.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á staðsetningu og fjölda eldissvæða í firðinum þannig að eftir breytingar verði fimm aðskilin eldissvæði í firðinum. Eldissvæðið Hamraborg II verður aflagt og nýju eldissvæði komið fyrir í Gautavík. Sjókvíaeldissvæði A sem nær nú yfir þrjú samtengd eldissvæði (Glímeyri, Svarthamrar og Svarthamarsvík) stækkar og skiptist með breytingunni í tvö svæði, Glímeyri og Svarthamarsvík, sem skilin verða að með 100 metra bili. Eldissvæðið Hamraborg I er óbreytt. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að heildarflatarmál eldissvæða rekstraraðila í Berufirði muni aukast úr 6,4 km<sup>2</sup> í 6,8 km<sup>2</sup>.

Í öðru lagi er um að ræða breytingu á útsetningaráætlun eldisins þar sem hún er aðlöguð að breyttum eldissvæðum. Sett verða út stærri seiði og fjöldi útsettra seiða í hverri kynslóð minnkar úr 4 milljónum seiða í 1,6 til 2,5 milljónum seiða. Fóðurnotkun verður minni eftir breytingu, að hámarki 14.549 tonn á ári. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að hvíldartími verði áfram 9-12 mánuðir í uppfærðri eldisáætlun en gert er ráð fyrir að hann geti verið styttri, að lágmarki 90 dagar.

Í þriðja lagi er fyrirhugar rekstraraðili að auka hlutfall frjós lax sem alinn er í Berufirði en í núgildandi starfsleyfi er leyfi fyrir 6.000 tonnum af frjóum laxi en hámarkslífmassi má ekki fara yfir 9.800 tonn. Samkvæmt nýju áhættumati Hafrannsóknarstofnunar vegna erfðablöndunar má ala 7.500 tonn af frjóum laxi í Berufirði og fyrirhugar rekstraraðili að auka hlutfallið á frjóum laxi sem því nemur. Umhverfisstofnun minnir á að sækja þarf um breytingu á núverandi starfsleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi.

### Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíar eldisins. Fram kemur í greinargerð að breyting á legu kvíastæða muni minnka lífrænt álag á umhverfið þar sem þar er dýpi og botnhalli er meiri. Auk þess kemur fram að breyting á útsetningaráætlun með minni fóðurnotkun muni einnig draga úr lífrænu lagi. Fram kemur að gert er ráð fyrir að hvíldartími haldist óbreyttur með fyrirvara um að hann geti verið styttri ef umhverfisaðstæður leyfa. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi stofnunarinnar fyrir starfseminni mun verða ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að rekstraráðili leggi fram viðbragðsáætlun ef niðurstöður vegna mats á ástandi botns sýna að svæðið þarfnist lengri hvíldar en gert hefur verið ráð fyrir í útsetningaráætlun. Miða skal við norska staðalinn NS9410:2016 til að meta ástand botns og hvort hægt er að setja fisk út eftir hvíld. Gefin er einkunn fyrir ástand eldissvæðis sem er á bilinu 1-5 þ.e. 1 Mjög gott, 2 Gott, 3 Sæmilegt, 4 Slæmt og 5 Mjög slæmt (Lokalitetstilstand 1 Meget god, 2 God; 3 Moderat; 4 Dårlig; 5 Svært dårlig). Gefi niðurstöður rannsókna vísbendingu um að ástand sé sæmilegt, slæmt eða mjög slæmt (3, 4 eða 5), verði brugðist við með því að tilkynna það eftirlitsaðila. Í framhaldi sé samráð við eftirlitsaðila um hvaða aðgerða verður gripið til. Ef hins vegar niðurstöður leiða í ljós að ástand eldissvæða sé gott eða mjög gott (1 eða 2), verði eldi framhaldið í samræmi við útsetningaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að Berufjörður er á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði sem mikilvægur vetrardvalastaður fyrir flórgoða og ef til vill himbrima. Svæðið afmarkast af Berufirði innan ósa Búlandsár og Tittlingstanga við Fagrahvamm. Með breytingunni mun fjöldi eldissvæða innan svæðisins aukast.

Niðurstaða greinargerðar er að með breytingunni muni umhverfisálag vegna starfseminnar minnka. Umhverfisstofnun telur að sú breyting sem fyrirhuguð er muni ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfi.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur